

Bayern-Versicherung

Lebensversicherung Aktiengesellschaft
Fyrirtæki innan Versicherungskammer

LEI 529900YVAZLRT7M8RV44

Vöruupplýsingar um sjálfbærni

PrivatRente WachstumGarant Iceland

Útgáfa frá 21.06.2025 – SAP-númer 346693-Island

Þessi afurð inniheldur fleiri en einn fjárfestingarkost og að minnsta kosti einn þeirra hefur í för með sér að hún flokkast sem fjármálaafurð sem eflir umhverfislega eða félagslega þætti.

Um getur verið að ræða fjárfestingarkosti sem fela í sér sjálfstæða fjármálaafurð eða fjárfestingarkosti sem eru ekki fjármálaafurðir. Að hluta til eru þessir fjárfestingarkostir fyrir fram skilgreindir, en að öðru leyti eru þeir valfrjálisir.

Þessi afurð skiptist í inngreiðslutíma og lífeyristöku:

- Meðan á **inngreiðslutímanum** stendur er fjárfest í fjárfestingarkostum sem eru ýmist valdir af þér eða skilgreindir fyrir fram fyrir tiltekna afurð.
- Meðan á **lífeyristöku** stendur er fé eingöngu bundið í **tryggingareignum** okkar.

Eftirfarandi munur er á fjárfestingarkostunum:

1) Flokkun samkvæmt reglugerð 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (**SFDR**)

- **6. gr. SFDR:** Fjárfestingarkostur án sjálfbærniþátta
- **8. gr. SFDR:** Fjárfestingarkostur sem er notaður til að efla umhverfislega eða félagslega þætti
- **9. gr. SFDR:** Fjárfestingarkostur sem hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði

2) Flokkun samkvæmt því sem kann að vera kosið varðandi sjálfbærni í skilningi IDD (e. „Insurance Distribution Directive“, tilskipun um dreifingu váttrygginga)

- **E:**
Fjárfesting þar sem þú ákveður að fjárfestingin eigi að hluta eða í heild að vera í samræmi við reglur um flokkun Evrópusambandsins á sjálfbærri atvinnustarfsemi.
- **ESG:**
Fjárfesting þar sem þú ákveður að verja eigi lágmarkshluta í sjálfbærar fjárfestingar.
- **PAI:**
Fjárfesting þar sem þú ákveður að taka eigi tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti:
 - Losunar gróðurhúsalofttegunda
 - Líffræðilegrar fjölbreytni
 - Vatns
 - Úrgangs
 - Félags- og starfsmannatengdra mála

Sjálfbærnieiginleikar og lágmarkshlutföll fjárfestingarkostanna sem liggja til grundvallar samningi þínum geta breyst á samningstímanum. Nánari upplýsingar er að finna í almennum skilmálum undir "Hvað gerist ef sjálfbærnieiginleikar vörunnar eða undirliggjandi fjárfestingarkostir breytast?"

Við upplýsum þig árlega um núverandi samsetningu fjárfestingarkosta þinna og núverandi sjálfbærnieiginleika þeirra fyrir undangengið almanaksár.

3) Um fjármálaafurðina sem þú valdir gildir því eftirfarandi:

Meginreglan um að „valda ekki verulegu tjóni“ á aðeins við um þær fjárfestingar sem liggja til grundvallar fjármálaafurðinni og taka tillit til viðmiða Evrópusambandsins um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Fjárfestingarnar sem liggja til grundvallar eftirstandandi hluta þessarar fjármálaafurðar taka ekki tillit til viðmiða Evrópusambandsins um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Einnig þeir fjárfestingarkostir sem auðkenndir eru með 6. gr. SFDR taka ekki tillit til viðmiða Evrópusambandsins um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Með þessari afurð eru umhverfislegir eða félagslegir þættir eflir.

- Þessir umhverfislegu eða félagslegu þættir eru eingöngu uppfylltir ef þú velur að minnsta kosti einn fjárfestingarkostanna sem í eftirfarandi töflu eru auðkenndir með 8. eða 9. gr. reglugerðar 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR)

og

- þú breytir ekki þessu vali meðan á fjárfestingartíma afurðarinnar stendur.

Nánari upplýsingar um sjálfbærniþætti sem tengjast viðkomandi fjárfestingarkosti er að finna í meðfylgjandi upplýsingablöðum um sjálfbærni fjármálaafurðar fyrir fjárfestingarkostina sem eru innifaldir í samningnum þínum.

Einnig er hægt að nálgast upplýsingablöð fyrir alla fjárfestingarkosti sem tengjast afurðinni þinni á:

<https://www.vkb.de/esg>

Fjárfestingarkostir* á inngreiðslutíma á fyrsta mánuði tryggingarinnar	ISIN (aðeins ef fjármálaafurð)	Val- frjálst ?	6. gr. SFDR	8. gr. SFDR	9. gr. SFDR	E	ESG	PAI				
								Losun gróðurhúsalo fttegunda	Líffræðilegrar fjölbreytni	Vatns	Úrgangur	Félags- og starfsmannat engdra mála
Tryggingareignir		nei		x		0%	0%	x				x
Öryggismiðuð fjárfesting (SOK)		nei		x		0%	0%	x	x	x	x	x
DEKALux – peningamarkaðssjóður í evrum	LU0052863874	Nei	X			0%	0%					

Fjárfestingarkostir* í byrjunarsjóði meðan á byrjunarstýringu stendur	ISIN (aðeins ef fjármálaafurð)	Valfrj álst?	6. gr. SFDR	8. gr. SFDR	9. gr. SFDR	E	ESG	PAI				
								Losun gróðurhúsalo fttegunda	Líffræðilegrar fjölbreytni	Vatns	Úrgangur	Félags- og starfsmannat engdra mála
Tryggingareignir		nei		x		0%	0%	x				x

Fjárfestingarkostir* á inngreiðslutíma frá og með öðrum mánuði tryggingarinnar	ISIN (aðeins ef fjármálaafurð)	Valfrj álst?	6. gr. SFDR	8. gr. SFDR	9. gr. SFDR	E	ESG	PAI				
								Losun gróðurhúsalo fttegunda	Líffræðilegrar fjölbreytni	Vatns	Úrgangur	Félags- og starfsmannat engdra mála
Tryggingareignir		nei		x		0%	0%	x				x
Vísitölutengd fjárfesting 2 (IOK2)		nei		x		0%	0%	x	x	x	x	x

Fjárfestingarkostir* á lífeyristökutíma	ISIN (aðeins ef fjármálaafurð)	Valfrj álst?	6. gr. SFDR	8. gr. SFDR	9. gr. SFDR	E	ESG	PAI				
								Losun gróðurhúsalo fttegunda	Líffræðilegrar fjölbreytni	Vatns	Úrgangur	Félags- og starfsmannat engdra mála
Tryggingareignir		nei		x		0%	0%	x				x

*Val á fjárfestingarkosti getur verið breytilegt eftir söluleið. Valmöguleika fyrir hverja söluleið fyrir sig er að finna í upplýsingunum um fjárfestingarleiðir okkar sem og um þá fjárfestingarsjóði sem velja má um.